

Fundargerð Ársþings Tennissambandsins Íslands árið 2024

36. ársþing Tennissambandsins Íslands haldið þriðjudaginn 16. mars 2024 í fundarsal Fjölnis í Egilshöllinni kl. 13:00

Magnús byrjar fundinn með því að votta minningu um Braga L. Hauksson: Fráfarandi stjórnarmanns TSÍ.

Dagskrá Tennisþings 2024:

1. Þingsetning kl. 13: 40

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Hafsteinn Pálsson; fundarstjóri og Soumia I. Georgsdóttir; ritari

3. Kosnar fastanefndir:

Hafsteinn leggur til að það verði einungis kosið í kjörnefnd. Tillaga samþykkt.

Þrjú menn í kjörnefnd: Óskar Knudsen– Freyr Pálsson og Selma Dagmar

Fulltrúar á ársþingi:

Aleksandra Babik UMSK
Díana Ivancheva UMSK
Jónas Páll Björnsson UMSK
Kristín Dana Husted UMSK
Guðsteinn Þór Valdimarsson UMSK
Gunnar Þór Finnbjörnsson UMSK
Selma Dagmar UMSK
Sindri Snær Svanbergsson UMSK
Soumia I. Georgsdóttir UMSK
Anna Podolskaia ÍBR
Carola M. Frank ÍBR
Freyr Pálsson ÍBR
Indridi H. Þórleifsson ÍBR
Magnús Ragnarsson ÍBR
Óskar Knudsen ÍBR
Raj Bonifacius ÍBR
Reynir Eyvindarsson ÍBR
Ævar Ísberg ÍBR

4. Stjórn gefur skýrslu sína og leggur fram fundarferð síðasta ársþings

Magnús formaður kynnti skýrslu stjórnar, sem dreift var á fundinum.

Almennt séð hefur stjórnin verið samstíga þrátt fyrir skiptar skoðanir á ýmsum málum. Eitt það fyrsta sem stjórnin gerði er að halda formannafund. Mikilvægt að halda formannafundi reglulega og heyra frá formönnum. Hann ræddi um atvík þar sem Aleksandra Babik sagði sig úr stjórn á seinni hluta árs og enginn úr varastjórn var viljugur til að taka að sér hlutverk gjaldkera. Það starf tók formaðurinn að sér ásamt Önnu Kristínu Pétursdóttur sem færði bókhald fyrir sambandið.

Rætt var um aðstöðuleysi sem stendur íþróttinni. Slegist er um vallartíma í Tennishöllinni og virðist nær vonlaust er að finna heppilega tíma fyrir landsliðs- eða afreksstarf. Tennisfélögin þurfa að standa saman og að berjast fyrir betri aðstöðu.

Árshátíð Tennissambands Íslands verður haldin sama kvöld og ársþingið í fyrsta sinn en árshátíðin hefur ekki verið haldið síðan árið 2018. Mikilvægt að halda slíka viðburði sem fasta liði í starfi sambandsins svo að tennisiðkendum kynnist betur.

Stjórnin gerir ekki ráð fyrir styrki til útbreiðslu - og kynningarmálum á komandi ár í framlagðri fjárhagsáætlun.

Rétt er að minna á að nú er von á framkvæmdum við nýja þjóðarhöll í Laugardal og vonandi verður tekið tillit til að geta spilað stjórleiki í tennis á þeim vettvangi.

TSÍ hefur aldrei verið eins áberandi og á liðnu ári og má það að stórum hluta þakka Selmu Dagmar Óskarsdóttur sem tók samfélagsmiðlana föstum tókum seinni hluta ársins. Íslandsmeistaramórið utanhúss var sýnt í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og Síminn frumsýndi nýja heimildarmynd um Rafn Kumar sem ber heitið Eitt stig í einu.

Skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða.

5. Formaður leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar

Magnús formaður kynnti reikninga og skýrði og svaraði spurningum.

Rekstur sambandsins gekk vel þó að kostnaður fór liðlega 5 mkr. fram úr áætlun og því gengið á eigið fé en enn er sambandið vel sett. Gerð var athugasemd um kostnað vegna mótahalds og þjálfaralaun sem hefur aukist verulega árið 2023, innkaupahætti TSÍ og fl. sem mætti hafa aðhald á. Magnús svaraði að skýringin á aukningu kostnaðar mótahalds er aukning á fjölda móta sem var styrkt af TSÍ. Magnús bætti við að það er brýnt að gera breytingar varðandi rekstur sambandsins til að bæta rekstrarhætti á komandi ár en

gagnlegar ábendingar um skort á góðum verklagsreglum komu frá skoðunarmönnum reikninga sambandsins.

Stjórn hefur þó tekið í taumana varðandi þessi mál og hefur nú sett stífar reglur um kostnaðarpátttöku í öllu innlendu mótahaldi, mótum hefur verið raðað í flokka eftir mikilvægi og njóta nú fastra framlaga í stað þess að reikningar vegna alls kostnaðar væru sendir sambandinu eftir á. Þannig er það nú ákvörðun mótshaldara hversu miklu er varið í verðlaunapeninga, verðlaunafé, veitingar, auglýsingar og annað sem mótahaldi tengist. Það verður svo fyrsta verk nýs gjaldkera að útfæra nýjar reglur um viðskipti tengdra aðila og nýjar innkaupareglur, hvoru tveggja til að bæta stjórnarhætti.

Fjöltnir ræðir um afrekshópin og ágreininginn á milli félagana varðandi það mál. Magnús vísaði málinu til afreksnefndar til að leysa vandamálið og finna lausnir fyrir unglíngastarfið.

Engar skriflegar athugasemdir varðandi ársreikninginn.

Ársreikningur lagt til samþykktar: Samþykkt samhljóða

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár

Magnús kynnti fjárhagsáætlun og svaraði spurningum.

Rétt er að benda á að styrkir Tennissambandsins munu lækka nokkuð á komandi ár, bæði verður verkefnaframlag frá ITF lægra og eins mun afreksstyrkur ÍSí lækka verulega vegna breyttra úthlutunarreglna og aukinnar sóknar í þann pott. Það var ljóst að stjórnin þurfti að skera niður kostnað í öllum liðum fyrir árið 2024.

Athugasemdir:

TFK. Leggur til að halda útbreiðslustyrkinn á sama hátt og í fyrra. TSÍ svarar að það þarf því mífur að skera niður í öllum liðum.

Athugasemd varðandi kostnaðinn vegna verkefnis erlendis. Það sem merkt sem “annað” á ársreikningi! Raj svarar að það eru gjöld vegna strenginga, sjúkraþjálfunar og fl. sem kemur upp á mótum erlendis og sem TSÍ greiðir fyrir og það séu reikningar og skýringar á bak við þau.

Áætlun lögð til samþykktar:

Aðrar athugasemdir:

þarf að gæta að kynjajafnrétti varðandi vinamót erlendis

þarf að hafa verklagsreglur í kringum verkefni erlendis; þ.e. þjálfaraval; skilgreina betur auka kostnað í verkefnum og fl. keyrsla til og frá Keflavíkur og fl. Skoða þann möguleika um að keppendur greiða hlut af kostnaðinn í framtíðina.

Hafsteinn Leggur til að stjórnin þurfi að taka þessar athugasemdir alvarlega og ræða þetta á milli sín á næsta fundi.

Magnús ætlar að boða formannafund fljótlega og ræða um þessi mál betur og setja skýrar verklagsreglur.

Gera grein fyrir breytingum í fjárhagsáætlun:

Fjölnir leggur til breytingar:

- 1- Annað (Gjöld): Sá liður eða 230 þ. Verði varið í verkefni U14- U16 (atk. 7/4 Ekki samþykkt)
- 2- Annað (Gjöld): sá liður eða 230 þ. Verði varið í unglíngastarfið U12 ára og yngri (Atk. 7/4 Ekki samþykkt)
- 3- Laun v. afreksmála og tæknistjóra: Falli út og verði fyrir lagt inn fyrir kynningastarf og menntun yngri þjálfara (Atk. 8/4 Ekki Samþykkt)
- 4- Mótahaldskostnaður: það liður verði skiptist niður í 2 helminga – 50% til mótahalds og 50% til unglíngastarfs. (Atk. 7/5 Ekki samþykkt)
- 5- Veitingar – þing og fundarstjórn: sá liður skiptist í tvo helminga – 50% verður eftir og hinn 50% fer í þróunarstarf. (Fellur á jöfnu í atk. eða Ekki samþykkt)

TFK leggur til breytingu

6- Halda styrknum til kynningarstarfa óbreyttum frá fyrra ári og í versta falli að ganga á eigið fé í þetta sinn en þó vísað til stjórnar að athuga hvort ekki sé hægt að hagræða þannig að ekki verði mikið tap á rekstri sambandsins á árinu (Tillaga Samþykkt)

Fjárhagsáætlun samþykkt samhjóða (Ath. Ein breyting samþykkt)

7. Stjórn leggur fram til umræðu tillögu um stefnumótum TSÍ 2024- 2030

Skiptar skoðanir á því hvað á leggja mesta áherslu á og hvaða verkefni.

Stefnumótunin er byggð á norsku stefnunni. Hugmyndin er að setja okkur langtíamarkmið og vísa leiðir til að segja okkur hvernig við eigum að starfa til framtíðar og verður stefnan endurskoðuð reglulega (ekki heilög stefna og verður endurskoðuð reglulega eða árlega)

Þessi stefna er í raun einhvers konar kort til framtíðar en kalla á öll félögin að endurskoða hana árlega.

Stefnan er samþykkt til 6 ára en tekin til umræðu árlega.

Aleksandra ræðir um Pickelball og Padel og hvort að TSÍ eigi að sameina þessar íþróttir undir hatti Tennissambandsins: þessu máli er vísað til stjórnar til skoðunar og væntanlega heyrir þetta málefni undir stefnumótun TSÍ

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar

Eftirfarandi óskir um umræðu hafa borist:

- Mótahald. Málshefjandi er Fjölur.
- Afreksþjálfun. Málshefjandi er Fjölur.
- Menntun þjálfara. Málshefjandi er Fjölur
- Jafnrétti kynja. Málshefjandi er Fjölur.
- Samskipti. Málshefjandi er Fjölur.

Stjórnin fagnar þessum athugasemdum og vill gjarnan taka öll þessi mál til skoðunar í stefnumótun. Magnús vill heyra frá grasrótinni betur og ætlar því að bjóða öllum formenum á fund fljótlega.

Það er forgangsmál að bæta samskiptahætti TSÍ og stjórnin tekur þetta mál alvarlega: eins og var rætt fyrr þá verða settar verklagsreglur varðandi val þjálfara á verkefnum erlendis og gæta þarf einnig að kynjajafnréttis í þeim málum. Það verða settar stífar reglur varðandi Innkaupamál TSÍ (búninga, bolta og fl. Innkaup bæði hér heima eða erlendis).

9. Ákveðið gjald ævifélaga

Magnús leggur fram tillögu um að fella niður gjald ævifélaga. Hafsteinn bendir á að kanna lög um sérsambanda varðandi þessi mál áður en fella það úr gildi. Hann bendir á að ræða við lögfæðisdeild ÍSÍ til að aðstoðar. Gæta þess að vera í samráði við lögfræðing ef sambandið hugar að lagabreytinga. ÍSÍ þarf að samþykkja.

Vísað er í lög TSÍ varðandi framkvæmd kosninga og allar aðrar reglur sem gilda um starf tennispings.

<https://tsi.is/log-og-reglugerdir/log-tsi/>

10. Kosning formanns, tveggja stjórnarmanna, varastjórnar, skoðunarmanna reikninga og fulltrúa á Íþróttaping

Magnús Ragnarsson formaður , Raj og Soumia sitja áfram

Gunnar og Kristín voru sjálfkjörin til tveggja ára á þinginu.

Varamenn: Sjálfkjörin til eins árs; Andri Jóns; Díana Ivancheva og Reynir Þór Eymundsson

Skoðunarmenn reikninga: Sjálfkjörin til eins árs; Indriði H. Þorláksson og Aleksandra Babik

11. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar

Ákveðið að birta á vefnum í samráði við stjórn og óska eftir athugasemdum

12. Þingi slitið kl. 15.30

Magnús gefur lokaorð og hvetur öll tennisfélög til að vinna saman.

Að lokum hvetur formaðurinn aðildarfélögin öll að vera virkari í öllu starfi tennissambandsins í stað þess að líta svo oft til stjórnar til að leysa og fjármagna öll verkefni. Verst er þó hversu mikið tími allra fer í hluti sem skapa engum virði, innbyrðis átök og vantraust.

Magnús fagnar umræðu um Padel og Pickelball og hvetur til að ræða áfram þessi mál. Þakkar Selmu starfsmanni TSÍ fyrir góð störf á liðnu ári.

Hafsteinn þakkar fyrir sig og hvetur sambandið að vinna betur saman.